



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1  
765 Djúpvaggi

Djúpavogshreppur  
Páll Jakob Líndal  
Skipulagssvið  
Bakka 1  
765 Djúpvaggi

Djúpvaggi, 10. desember 2018  
Mf201811-0077/ 6.09 / P.E.H.

## Efni: Eyjólfstaðir, Djúpavogshreppur - lýsing á deiliskipulagi

Með tölvubréfi dagsett 23. október síðastliðinn óskaði Páll Jakob Líndal, fyrir hönd Djúpavogshrepps, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir Eyjólfstaði í Fossárdal. Meðfylgjandi fylgdi greinagerð, dagsett í október 2018, unnin af Teiknistofunni ASK. Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin berst en umsagnarbeiðnin hafði misfarist hjá stofnuninni. Deiliskipulagstillagan snýr að endurbótum á aðstöðu ferðamannasvæðisins við Eyjólfstaði í Fossárdal en auk endurbóta á aðstöðu svæðisins er gert ráð fyrir byggingarreit undir nýtt gistihús auk skipulagningu á tjaldsvæðinu sem nú fyrir er til staðar. Afmörkun svæða liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Eyjólfstaði af Fornleifastofnun Íslands, *Fossárvík í Berufirði. Aðalskráning fornleifa á Eyjólfstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár* (lokaskýrsla útgefin árið 2018, FS717-18141) og einnig liggur fyrir húsakönnun Djúpavogshrepps unnin af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, *Húsakönnun í Djúpavogshreppi* (útgefin í desember 2014).

Allar fornleifar sem náð hafa hundrað ára aldri eru friðaðar og er óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands. Taka þarf fullt tillit til menningarminja innan svæðisins og mælt er til með að útfærsla skipulagsins taki mið af þeim.

Húsakönnun frá 2014 hefur ekki verið færð inn í rafrænt sniðmát Minjastofnunar. Auk þess er húsið reist árið 1922 en samkvæmt lögum um menningarminjar eru þau hús umsagnarskyld sem reist voru árið 1925 eða fyrr. Lög þessi höfðu tekið gildi þegar húsakönnun var unnin árið 2014 en þessar upplýsingar vantar í varðveislumat fyrir Eyjólfstaði. Af þessum sökum fer Minjastofnun fram á að skráning Eyjólfstaða verði uppfærð og skráð í sniðmát Minjastofnunar og

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Puríður Elísa**  
**Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

upplýsingum um umsagnarskyldu verði færðar inn. Ekki er gerð krafa um ítarlegri skráningu eða endurskoðun varðveislumats, né að ný húsakönnun verði gefin út, heldur er í raun um leiðréttingu á gildandi könnun að ræða og uppfærslu skráningar hússins inn í rafrænt sniðmát samkvæmt kröfum Minjastofnunar. Upplýsingar um sniðmátið og leiðbeiningar um skráningu gefur Guðlaug Vilbogadóttir, [guðlaug@minjastofnun.is](mailto:guðlaug@minjastofnun.is)

Í deiliskipulagslýsingunni er fjallað um skógrækt við Eyjólfsstaði. Minjastofnun vill minna á að gæta þarf að skógrækt í kringum fornleifar og gæta þarf að því að ekki sé plantað ofan í eða við fornleifar en fornleifaskráningin getur nýst vel við útfærslu skógræktar innan svæðisins. Fornleifar njóta 15m friðhelgi samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar.

*Fornleifaskráning og húsaskráning liggja fyrir. Uppfæra þarf skráningu íbúðarhússins á Eyjólfsstöðum og skrá í rafrænt sniðmát Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun minnir einnig á að við útfærslu skipulagsins þarf að taka fullt tillit til menningarminja innan svæðisins en þær njóta meðal annars 15m friðhelgi og er óheimilt að raska þeim án leyfis stofnunarinnar. Sýna skal útlínur skráðra minja einnig inn á skipulagsupprætti. Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagið en koma fram hér að ofan. Deiliskipulagstillagan þarf að koma til umsagnar hjá stofnuninni en minjavörður mun þá taka skipulagssvæðið út á vettvangi. Nánar upplýsingar veitir undirrituð.*

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Púriður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps ([skipulag@djupivogur.is](mailto:skipulag@djupivogur.is))